

AFKOMA Á 4. ÁRSFJÓRÐUNGI Í SAMRÆMI VIÐ VÆNTINGAR FÉLAGSINS

- | Hátt eldsneytisverð á 4. ársfjórðungi 2011 skýrir að mestu lakari afkomu en 2010
- | Eldsneytisverð 28% hærra en á 4. ársfjórðungi 2010
- | Hagnaður ársins 2011 4,5 milljarðar króna
- | Veltufé frá rekstri 12,5 milljarðar króna
- | Fjárhagsleg staða Icelandair Group sterk
- | Eiginfjárhlutfall 36% og nettó vaxtaberandi skuldir 11,1 milljarður króna
- | Stjórn félagsins leggur til að 0,8 milljarðar króna verði greiddir í arð til hluthafa á árinu 2012

Milljónir króna	4. ársfj. 2011	4. ársfj. 2010	% breyting	12 mán. 2011	12 mán. 2010	% breyting
Rekstrarreikningur						
Heildartekjur	20.020	18.765	7%	96.934	88.015	10%
EBITDAR	1.699	2.991	-43%	17.751	21.254	-16%
EBITDA	-129	1.116	-112%	10.413	12.578	-17%
EBIT	-1.537	-971	58%	4.735	6.254	-24%
EBT áframhaldandi rekstur	-1.728	2.235	-177%	3.500	6.576	-47%
Hagnaður / tap	-200	1.405	-114%	4.452	4.556	-2%
Efnahagsreikningur						
Heildareignir	89.466	84.239	6%	89.466	84.239	6%
Eigið fé	32.291	28.403	14%	32.291	28.403	14%
Vaxtaberandi skuldir	24.136	24.604	-2%	24.136	24.604	-2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	11.056	11.610	-5%	11.056	11.610	-5%
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	713	1.608	-56%	12.541	12.889	-3%
Handbært fé frá rekstri	1.193	3.731	-68%	14.386	15.673	-8%
Fjárfestingahreyfingar	-2.908	-2.749	6%	-13.017	-5.512	136%
Fjármögnunarahreyfingar	1.301	3.381	-62%	-3.384	-49	6806%
Handbært fé í lok tímabils	9.735	11.688	-17%	9.735	11.688	-17%
Lykiltölur						
Afkoma á hlut ISK	-0,04	0,28	-114%	0,89	3,07	-71%
Innra virði hlutfjár ISK	6,49	5,71	0,14	6,49	5,71	14%
Eiginfjárhlutfall	36%	34%	2,2 ppt	36%	34%	2,2 ppt
Veltufjárhlutfall	0,91	1,11	-18%	0,91	1,11	-0,18
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	3.526	900	292%	11.577	2.228	420%
Fjárfestingar í langtímakostnaði	2.414	1.009	139%	3.749	2.787	35%
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	62%	58%	4,0 ppt	64%	61%	2,9 ppt
EBITDAR hlutfall	8%	16%	-7,5 ppt	18%	24%	-5,8 ppt
EBITDA hlutfall	-1%	6%	-6,6 ppt	11%	14%	-3,5 ppt

BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON, FORSTJÓRI

„EBITDA Icelandair Group á fjórða ársfjórðungi var neikvæð um 0,1 milljarð króna en var jákvæð um 1,1 milljarð króna á fjórða ársfjórðungi 2010. Hátt eldsneytisverð leiddi til mikilla kostnaðarhækkana í fjórðungnum sem skýrir lakari afkomu á milli ára. Varðandi árið í heild þá erum við mjög sátt við niðurstöðuna, hagnað að fjárhæð 4,5 milljarð króna, sérstaklega í ljósi neikvæðra áhrifa hækkana á eldsneytisverði, eldgoss í Grímsvötnum og verkfallsaðgerða. Fjárhagsleg staða félagsins er sterk, eiginfjárlutfallið er 36% og handbært fé og markaðsverðbréf nema 13,1 milljörðum króna í árslok. Ég vil þakka reynslumiklu og metnaðarfullu starfsfólki okkar fyrir þennan árangur.

Mikill innri vöxtur einkenndi árið 2011. Við gerum ráð fyrir að auka umsvif okkar enn á árinu 2012. Icelandair verður með umsvifamestu flugáætlun sína frá upphafi og bókanir fyrir fyrstu mánuði ársins 2012 lofa góðu. Icelandair Hotels opnar nýtt hótél við Reykjavíkurhöfn á vormánuðum auk þess sem Flugfélag Íslands mun halda áfram að auka framboð flugferða til Grænlands.

Á fyrri hluta ársins bætast tvær nýjar flugvélar í flota Icelandair og fylgir því nokkur innleiðingarkostnaður. Jafnframt er olíuverð hærra en á síðasta ári og gengi evru gagnvart dollar óhagstæðara og sjáum við fram á að afkoman á fyrsta ársfjórðungi 2012 verði nokkru lakari en á síðasta ári. Samkvæmt áætlunum félagsins fyrir árið 2012 í heild gerum við ráð fyrir að EBITDA verði 11,0–12,0 milljarðar króna, sem er aukning frá fyrra ári þegar EBITDA var 10,4 milljarðar króna.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar Icelandair 11% fleiri á 4. ársfjórðungi 2011 en á 4. ársfjórðungi 2010
- Sætanyting 77,9% og batnar um 0,5 prósentustig á milli ára

		4.ársfj. 11	% br.	12 mán. 11	% br.
ICELANDAIR					
Farþegafjöldi	þúsund	350,8	11%	1.744,1	18%
Sætanyting	%	77,94	0,5 ppt	79,25	0,9 ppt
Framboðnir sætiskílómetrar	þúsund	1.276.430	12%	6.169.070	18%
FLUGFÉLAG ÍSLANDS					
Farþegafjöldi	þúsund	81,2	-1%	353,1	3%
Sætanyting	%	66,50	-1,7 ppt	69,32	1,1 ppt
Framboðnir sætiskílómetrar	þúsund	38.757	4%	179.740	7%
LEIGUFLUG					
Flotanyting	%	97,30	-1,3 ppt	93,50	-1,1 ppt
Seldir blokk tímar	tala	7.920	-11%	34.524	0%
ICELANDAIR CARGO					
Framboðnir tonn kílómetrar	þúsund	39.029	12%	168.759	11%
Seldir tonn kílómetrar	þúsund	21.868	17%	77.991	7%
FLUGLEIÐAHÓTEL					
Framboðnar hótelnætur	tala	54.200	11%	253.052	7%
Seldar hótelnætur	tala	29.476	18%	171.924	10%
Herbergjanýting	%	54,38	3,5 ppt	67,94	1,9 ppt

Farþegar Icelandair voru um 351 þúsund á fjórða ársfjórðungi ársins 2011 og fjölgaði um 11% frá fyrra ári. Framboð var aukið um 12% miðað við sama tímabil á síðasta ári og nam sætanyting 77,9% og var 0,5 prósentupunktum hærra en á fjórða ársfjórðungi síðasta árs þegar hún var 77,4%. Farþegar hjá Flugfélagi Íslands voru um 81 þúsund og fækkaði þeim um 1% á milli ára. Seldir tímar í leiguflugi

drógust saman um 11% á milli árána 2011 og 2010. Fraktflutningar í áætlunarflugi jukust um 17%. Framboðnar gistinætur hjá Icelandair Hotels voru alls 54 þúsund í fjórðungnum og fjölgaði um 11% á milli ára. Herbergjanýtingin var 54,4%.

ÞRÓUN REKSTAR Á 4. ÁRSFJÓRÐUNGI

EBITDA nam -0,1 milljörðum króna og lækkaði um 1,2 milljarða króna á milli ára. **EBITDA-hlutfall** var neikvætt og nam -0,6% á fjórða ársfjórðungi en var 5,9% á sama tímabili 2010. **EBIT** var -1,5 milljarður króna en var -1,0 milljarður króna á sama tímabili árið á undan. **Tap eftir skatta** var 0,2 milljarðar króna, hagnaður að fjárhæð 1,4 milljarðar króna var á sama tímabili árið 2010. **EBITDAR** var 1,7 milljarðar króna samanborið við 3,0 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2010. **EBITDAR - hlutfall** var 8,5% en var 15,9% á sama tímabili í fyrra.

Gengið var frá sölu á dótturfélaginu Smartlynx á árinu 2011 og er tekið tillit til hennar í ársreikningnum. Áhrif sölunnar á rekstrarreikning Icelandair Group, að teknu tilliti til reksturs Smartlynx á árinu 2011, eru jákvæð um 1,1 milljarð króna. Þar af eru jákvæð skattaáhrif að fjárhæð 0,7 milljarðar króna,

Milljónir króna	4. ársfj. 11	4. ársfj. 10	Breyting
EBITDAR	1.699	2.991	-1.292
EBITDA	-129	1.116	-1.245
EBIT	-1.537	-971	-566
EBT áframhaldandi rekstur	-1.728	2.235	-3.963
Hagnaður / tap	-200	1.405	-1.605
EBITDAR %	8,5%	15,9%	-7,5 ppt
EBITDA %	-0,6%	5,9%	-6,6 ppt

TEKJUR

- Heildartekjur 20 milljarðar króna
- Veltuaukning 7% á milli ára

Milljónir króna	4. ársfj. 11	4. ársfj. 10	% br.
Flutningatekjur	12.386	10.863	14%
Flugvéla- og áhafnaleiga	4.069	4.978	-18%
Aðrar rekstrartekjur	3.565	2.924	22%
Samtals	20.020	18.765	7%

Flutningatekjur jukust um 1,5 milljarða króna eða um 14%, þar af hækkuðu tekjur af farþegaflutningum um 1,6 milljarð króna eða 17%. **Tekjur af leiguflugi** drógust saman um 0,9 milljarð króna. Velta Bláfugls var inni í fjárhæðum ársins 2010, en ekki árið 2011. **Aðrar rekstrartekjur** hækkuðu um 0,6 milljarða króna eða um 22% frá fjórða ársfjórðungi 2010. Skýrist það m.a. af tekjum af seldri ferðaþjónustu milli ára. Þær tekjur drógust saman á árinu 2010 vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður 20,1 milljarður króna
- Eldsneytiskostnaður eykst um 46% á milli ára

Milljónir króna	4. ársfj. 11	4. ársfj. 10	% br.
Laun og annar starfsmannakostnaður	6.006	5.342	12%
Eldsneytiskostnaður	4.814	3.293	46%
Flugvéla- og áhafnaleiga	2.296	2.496	-8%
Afgreiðslu-, landingar og yfirflugsgjöld	1.409	1.105	28%
Viðhaldskostnaður flugvéla	1.781	1.324	35%
Annar rekstrarkostnaður	3.843	4.089	-6%
Samtals	20.149	17.649	14%

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkaði um 0,7 milljarða króna eða 12% í samanburði við fjórða ársfjórðung 2010. Skýrist það fyrst og fremst af auknu framboði í millilandaflugi félagsins ásamt samningsbundnum launahækkunum á milli ára.

Eldsneytiskostnaður hækkaði um 1,5 milljarða króna sem er 46% hækkun frá sama tíma í fyrra. Bein kostnaðarhækkun vegna verðhækkana á fjórðungnum er um 1,1 milljarðar króna. Hækkun eldsneytiskostnaðar vegna framleiðsluaukningar er 0,6 milljarður króna.

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði um 0,2 milljarða króna milli ársfjórðunga eða um 8% vegna kaupa á einni Boeing 757-200 sem félagið hafði áður verið með á leigu. Jafnframt lækkar flugvélaeiga þar sem Bláfugl er ekki lengur hluti af samstæðunni. **Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld** hækkuðu um 0,3 milljarða króna á milli ára eða um 28% sem skýrist af framboðs aukningu og töluverðum verðhækkunum. **Viðhaldskostnaður** nam alls 1,8 milljarði króna og jókst um 0,5 milljarða króna eða 35%. **Annar rekstrarkostnaður** nam 3,8 milljörðum króna og lækkaði um 0,2 milljarða króna á milli ára.

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Nettó fjármagnsgjöld 0,2 milljarðar króna og lækka um 0,4 milljarða króna

Milljónir króna	4. ársfj. 11	4. ársfj. 10	% br.
Fjármagnstekjur	255	90	183%
Fjármagnsgjöld	-268	-718	-63%
Gengisáhrif	-153	54	-382%
Samtals	-166	-574	-71%

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir 89,5 milljarðar króna
- Eiginfjárlutfall 36%
- Vaxtaberandi skuldir 24,1 milljarðar króna

Milljónir króna	31.12.11	31.12.10	% br.
Heildareignir	89.466	84.239	6%
Eiginfjárlutfall	36%	34%	2,2 ppt
Vaxtaberandi skuldir	24.136	24.604	-2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	11.056	11.610	-5%
Handbært fé og markaðsverðbréf	13.080	12.994	1%
Veltufjárlutfall	0,91	1,11	-18%

Varanlegir rekstarfjármunir námu 33,9 milljörðum króna en voru 27,6 milljarðar króna í ársbyrjun. Skýrist hækkunin að mestu af kaupum á fjórum Boeing 757-200 vélum á árinu. Þrjár vélanna voru áður á langtímaleigu. Kaupin munu bæta afkomu og sjóðstreymi félagsins á næstu árum. Í lok ársins 2011 voru alls 35 flugvélar í flota félagsins, þar af var 20 í eigu félagsins og 15 leiguvélar. Að neðan er yfirlit yfir flota félagsins í lok árs 2011 og breytingu á árinu.

Flugvéla-gerð	Icelandair	Icelandair Cargo	Loft-leiðir	Flugfélag Íslands	Heildarfloti 31.12.11	Eigin vélar	Leigu-vélar	Br. frá 31.12.10
B757 200	12	5	4		21	11	10	1
B757 300	1				1	1	0	0
B767 300			5		5	0	5	0
Fokker F-50				6	6	6	0	0
Dash 8-100				1	1	1	0	-1
A-320					1	1	0	1
Samtals	13	5	9	7	35	20	15	1

Vaxtaberandi skuldir námu 24,1 milljörðum króna samanborið við 24,6 milljarða króna í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda námu 8,1 milljörðum króna, þar af voru 4,1 milljarðar króna ekki komnir á gjalddaga. Í október gekk félagið frá lántöku hjá Deutsche Bank að fjárhæð 18 milljónum Bandaríkjadala til 7 ára. Í desember tók félagið rúmlega 24 milljóna Bandaríkjadala lán til 6 ára hjá Bank of Scotland í tengslum við kaup á tveimur Boeing 757-200 sem áður höfðu verið á langtímaleigu.

Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 13,1 milljarði króna í árslok 2011 samanborið við 13,0 milljarða króna í byrjun árs. Nettó vaxtaberandi skuldir námu því 11,1 milljarði króna í árslok.

SJÓÐSSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | **Handbært fé 9,7 milljarðar króna**
- | **Heildarfjárfestingar á árinu 15,3 milljarðar króna**

Milljónir króna	12 mán. 11	12 mán. 10	Breyting
Veltufé frá rekstri	12.541	12.889	-348
Handbært fé frá rekstri	14.386	15.673	-1.287
Fjárfestingahreyfingar	-13.017	-5.512	-7.505
Fjármögnunarahreyfingar	-3.384	-49	-3.335
Hækkun/lækkun á handbæru fé	-2.015	10.112	-12.127
Handbært fé 31. desember	9.735	11.688	-1.953

Handbært fé frá rekstri á árinu 2011 nam 14,4 milljörðum króna. **Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum** námu 11,6 milljörðum króna. Icelandair fjárfesti í fjórum B757-200 flugvélum fyrir 5,5 milljarða króna, Flugfélag Íslands í tveimur Dash 8-200 flugvélum og fylgihlutum fyrir 1,0 milljarð króna og Icelandair Group í einni Airbus 320 að fjárhæð 0,8 milljörðum króna. Fjárfesting í hreyflatímum nam 2,0 milljörðum króna á tímabilinu. **Fjárfestingar í langtímakostnaði** námu 3,7 milljörðum króna, þar af námu fjárfestingar í leiguhreyflum 3,6 milljörðum króna.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

| Áframhaldandi innri vöxtur

| Núverandi forsendur gera ráð fyrir 11,0-12,0 milljörðum í EBITDA á árinu 2012

Á árinu 2012, sem er 75. afmælisár félagsins, er gert ráð fyrir áframhaldandi innri vexti. Icelandair, stærsta dótturfélag samstæðunnar, verður með umfangsmestu flugáætlun sína frá upphafi. Bókanir fyrir fyrstu mánuði ársins hafa verið sterkar og lofa góðu fyrir framhaldið. Nýr heilsársáfangastaður, Denver í Colorado, bætist við ásamt því að ferðum er fjölgað til ýmissa borga í Bandaríkjunum og Evrópu. Áfangastaðir verða alls 31 og farþegar félagsins um 2 milljónir á árinu sem er 15% aukning frá árinu 2011. Tvær nýjar flugvélar bætast við flota félagsins á fyrri hluta árs 2012. Leiðakerfið sem byggir á þremur mörkuðum, heimamarkaðinum á Íslandi, ferðamannamarkaðinum til Íslands og alþjóðlega markaðinum milli Evrópu og Norður-Ameríku býður upp á sveigjanleika og tækifæri til þess að auka framboð og fjölga ferðamönnum umfram meðaltalsvöxt í þessum heimshluta.

Icelandair Hotels opna nýtt hótél á vormánuðum. Hótelíð er með 111 herbergi og er vel staðsett við höfnina í miðbæ Reykjavíkur. Flugfélag Íslands mun auka við framboð sitt til Grænlands, en félagið flýgur nú til fimm áfangastaða á Grænlandi, þar af þriggja allt árið. VITA hyggst auka markaðshlutdeild á leiguflugsmarkaðnum hér frá Íslandi m.a. með stofnun netferðaskrifstofunnar Ferd.is, sem mun sérhæfa sig í ódýrum sólarlanda- og skemmtiferðum.

Í febrúar 2012 var tilkynnt um þá ákvörðun stjórnar Icelandair Group að kanna möguleika á skráningu félagsins í kauphöllina í Osló til viðbótar við núverandi skráningu hjá Nasdaq OMX á Íslandi. Að auki var tilkynnt um þá ákvörðun að bandaríkjadalur verður uppgjörsmýnt Icelandair Group á árinu 2012.

Í töflunni hér að neðan kemur fram staða eldsneytisvarna félagsins í lok janúar. Taflan sýnir að 21% af áætlaðri notkun á árinu 2012 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn. Þannig metur félagið virkni náttúrulegrar áhættuvagnar á eldsneytisnotkun að meðaltali 13% á árinu 2012.

2012	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamn. og valréttir	Meðalverð samninga USD	Hlutfall varið	Valréttir*	Verð í valréttum USD
Janúar	10.627	4.150	1.027	39%	0	-
Febrúar	9.594	4.150	1.012	43%	0	-
Mars	11.294	4.200	1.010	37%	0	-
Apríl	12.611	3.250	994	26%	0	-
Mái	15.958	3.200	980	20%	0	-
Júní	22.093	7.300	980	33%	4.000	1.150
Júlí	23.957	5.800	1.008	24%	4.500	1.150
Ágúst	24.243	4.800	988	20%	4.500	1.150
September	18.229	3.200	988	18%	3.000	1.150
Október	15.963	0	-	0%	0	-
Nóvember	13.648	0	-	0%	0	-
Desember	12.906	0	-	0%	0	-
Total	191.123	40.050	1.002	21%	16.000	1.150

* eru inni í dálknum „Skiptasamningar og valréttir alls“

Á fyrri hluta ársins bætast tvær nýjar flugvélar í flota Icelandair. Því fylgir nokkur innleiðingarkostnaður. Jafnframt er gert ráð fyrir hærra olíuverði á árinu auk þess sem útlit er fyrir að gengi evru gagnvart dollar verði óhagstæðara en á árinu 2011. Sökum þessa sjáum við fram á að afkoman á fyrsta ársfjórðungi 2012 verði lakari en á síðasta ári. Miðað við núverandi forsendur um gengi gjaldmiðla (EUR/USD 1,25) og eldsneytisverð (1,050 dollarar per tonn án tillits til varna) í áætlunum félagsins fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir EBITDA verði á bilinu 11,0–12,0 milljarðar króna, sem er aukning frá því árið 2011 er hún nam 10,4 milljörðum króna.

Fram kemur í skýrslu IATA frá janúar 2012 að árið verði krefjandi fyrir flugrekstur í heiminum vegna viðvarandi hás olíuverðs, lækkun á verði meðalfargjalda og minnkandi eftirspurnar. Stjórn félagsins er þeirrar skoðunar að Icelandair Group sé vel í stakk búið til að takast á við krefjandi ytri aðstæður vegna sveigjanleika í rekstri samstæðunnar, sterks efnahagsreiknings og áframhaldandi innri vaxtar.


HLUTHAFAR

- | **Hlutabréfaverð Icelandair Group hækkaði um 60% á árinu 2011**
- | **Markaðsvirði 25,2 milljarðar króna í lok árs 2011**

Markaðsvirði Icelandair Group í Nasdaq OMX kauphöllinni á Íslandi var 25,2 milljarðar króna í lok ársins 2011. Lokaverð ársins var 5,03 krónur á hvern hlut. Á árinu 2011 var hæsta dagslokaverð 5,84 krónur á hvern hlut, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 3,09 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 4,85 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna bréfa 31. desember 2011 var 5.000.000.000 og fjöldi útistandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 60% á árinu 2011 og fjöldi hluthafa í lok árs var 1.269.

Stjórn Icelandair Group leggur til að 0,8 milljarðar króna verði greiddur í arð til hluthafa á árinu 2012.

Hlutabréfaverð og magn - þróun á árinu 2011:



KYNNINGARFUNDUR 10. FEBRÚAR 2012

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 10. febrúar 2012 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason framkvæmdastjóri fjármála munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

ENDURSKOÐUN

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjörs fjórða ársfjórðungs og tólf mánaða 2011 var samþykktur á stjórnarfundum þann 9. febrúar 2012. Ársreikningurinn var endurskoðaður af KPMG Endurskoðun hf.

FJÁRHAGSDAGATAL

- | Aðalfundur 23. mars 2012
- | Uppgjör 1. ársfjórðungs - vika 18 2012
- | Uppgjör 2. ársfjórðungs - vika 32 2012
- | Uppgjör 3. ársfjórðungs - vika 44 2012
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs - vika 06 2013

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801